
***Skógarvörðurinn á Norðurlandi:
Starfsskýrsla fyrir árið 2017***



Vinnsluvæðið fyrir arinviðarframleiðsluna á Vöglum

Rúnar Ísleifsson

Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins.....	2
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs	2
2.1. Laufgun og lauffall	2
2.2. Vöxtur	2
2.3. Fræsöfnun	2
2.4. Skaðar.....	2
3. Fræhús og fræsala	2
3.1 Fræhús	2
4. Starfsfólk	3
5. Girðingar	4
6. Skógarhögg.....	4
6.1. Grisjun.....	4
7. Sala afurða.....	5
7.1 Sala girðingarstaura	5
7.2 Viðarsala	5
7.3 Jólatré	6
7.4 Önnur sala	6
8. Nýframkvæmdir	7
9. Gróðursetning.....	7
9.1 Gróðursetning á pottaplöntum	8
10. Byggingar	9
11. Vélar og verkfæri	9
12. Ýmislegt	10
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir	10
12.2. Ferðafólk	10
12.3. Annað	10

1. Veðurfar ársins

Fyrstu mánuðir ársins voru fremur mildir í veðri og snjóalög óvenju lítil. Snjór var að mestu horfinn úr Vaglaskógi síðustu vikuna í apríl. Mest varð snjódýptin fyrri hluta árs 0,6 metrar 12. janúar.

Tíðarfar var hagstætt í apríl og maí en júnímánuður var frekar svalur. Í kjölfarið fylgdu góðviðrismánuðir. September reyndist hins vegar frekar votviðrasamur.

Haustmánuðirnir voru mildir og ekki festi neinn snjó að ráði fyrr en komið var fram í nóvember. Mest snjódýpt í desember reyndist vera um 0,9 metrar 27. desember. Sennilega telst það óvenjulegt að í Vaglaskógi komi ár þar sem snjódýpt fer ekki yfir 1 metra.

Úrkoman var nokkuð yfir meðallagi víða á norðaustanverðu landinu. Á Akureyri mældist hún 594,9 mm, eða 14,7% umfram meðaltal. Í Vaglaskógi reyndist hins vegar ársúrkoman vera um 885,3 mm sem er um 13,2% yfir meðaltali.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð.

2.2. Vöxtur

Vöxtur reyndist vera í góðu meðallagi en þó slakastur hjá birki.

2.3. Fræsöfnun

Engu fræi var safnað í ár í skóglendum Norðurlandsdeildar.

2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki áberandi í skógi. Engin stærri snjóflóð sáust í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktarinnar þótt auðvitað sjáist vegsummerki nánast á hverjum vetri.

Annars virtist trjágróður almennt séð vera nokkuð heilbrigður í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi þetta árið. Birkiryð var þó mjög snemma á ferðinni og orðið áberandi í byrjun ágúst. Ryðið hefur örugglega dregið úr vexti birkis í ár og ekki ólíklegt að það hafi einnig áhrif á vöxt og viðgang birkis á næsta ári. Skemmdir af völdum birkikembu voru áberandi í Reykjarhól í Skagafirði og einnig t.d. á Akureyri. Ekki varð vart við slíkar skemmdir í Vaglaskógi.

3. Fræhús og fræsala

3.1 Fræhús

Úr Fræhúsinu var safnað um 7,5 kg af lerkifræi (yrki: Hrymur). Þar af var EL/RL 6,3 kg með 11% spírun og RL/EL 1,2 kg með 22% spírun. Umsjón með Fræhúsinu hefur Valgerður Jónsdóttir.

Einnig voru gróðursett nokkur ágrædd lerkifrætré í þann hluta hússins sem enn var auður og er nú húsið fullnýtt til lerkifræframleiðslu.

3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum.

Magn eftir tegundum

<i>Tegund</i>	<i>Magn í gr.</i>
Birki	4.025
Broddfura	25
Fjallafura	25
Fjallapínur	300
Hengibjörk	2
Lindifura	5.051
Mýrarlerki	1
Rauðgreni	5
Reyniviður	1
Lerki, Hrymur	1.220
Sitkagreni	1.345
Sitkaölur	25
Stafafura	4.577
Úlfareynir	13
	16.613

Magn eftir tegundum og frænúmerum

<i>Tegund</i>	<i>Frænúmer</i>	<i>Magn í gr.</i>
Birki	215001	25
Birki	208015	4.000
Broddfura	209001	25
Fjallafura	990005	25
Fjallapínur	213001	290
Fjallapínur	208020	10
Hengibirki	214003	2
Lerki, Hrymur	216004	620
Lerki, Hrymur	216005	600
Lindifura	216003	5.051
Mýrarlerki	208052	1
Rauðgreni	208026	5
Reyniviður	208055	1
Sitkagreni	208032	1.108
Sitkagreni	208035	15
Sitkagreni	208036	222
Sitkaölur	215007	25
Stafafura	208015	500
Stafafura	215005	6
Stafafura	216006	950
Stafafura	216008	950
Stafafura	216009	500
Stafafura	216014	1.671
Úlfareynir	209002	13
	Samtals:	16.613

Upplýsingar: Valgerður Jónsdóttir

4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu: Benjamín Örn Davíðsson aðstoðarskógarvörður. Lars Nilsen, Valgeir Davíðsson, Teitur Davíðsson og Þuríður Davíðsdóttir unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru.

Sumarfólk var Ásmundur Ragnarsson og Erna Sigrún Valgeirsdóttir sem aðallega unnu á tjald- og hjólhýsavæðum. Benedikt Stefánsson og Huldar Valgeirsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu, gróðursetningu, viðhald girðinga og fleira tilfallandi.

Danskir verknemar, þeir Lauritz Traun Brinkmann og Morten Pedersen, unnu hér um 3 og 4 mánaða skeið. Í októbermánuði kom hér hópur danskra verknema og vann um 4 vikna skeið. Það voru þeir Alexander Jönsson, Jarden Sönderby, Mikkel Dolbak, Mikkel Mastrup Davidsen, Oliver Wichman og Ricky Nielsen. Unnu þeir aðallega við grisjun á birki og stafafuru. Reyndust þessir verknemar allir með ágætum.

Valgerður Jónsdóttir sá um fræmál fræmiðstöðvarinnar í hlutastarfi. Um verslunarmanna-helgina varð Teitur Davíðsson fyrir alvarlegu slysi er hann féll ofan af þakinu á Efri-Vöglum. Hann slasaðist mikið á fótum en þó fór betur en á horfðist. Var hann af þessum sökum frá vinnu það sem eftir var ársins.

5. Girðingar

Viðhald girðinga var með minna móti þetta árið vegna hagstæðra snjóalaga. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum, Þórðarstöðum og Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktarinnar á Vöglum. Valgeir Davíðsson sá svo um taka niður girðingu fyrir veturinn á Þórðarstöðum og Belgsá.

Verktakar sáu um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum í Fnjóskadal vann Sigurður Jóhann Freygarðsson ábúandi á Hálsi verkið. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingbór J. Kristmundsson um viðhald. Haldið var áfram að hreinsa birkikjarr frá girðingu í Sigríðarstaðaskógi og notaðar til þess keðjusagir.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: Í Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Valgeir Davíðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi og Hermann Herbertsson um Sigríðarstaðaskóg.

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu en haldið var áfram með endurnýjun á hluta girðingarinnar í Kristnesi.

6. Skógarhögg

6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Grundarreit, Vaglaskógi, Hálsmelum, Vöglum á Þelamörk og Végeirsstöðum. Grisjunin á Végeirsstöðum var unnin í verktöku en Háskólinn á Akureyri er eigandi jarðarinnar. Einnig var grisjaður birkiskógur á Hróarsstöðum í brekkunni ofan Þjóðvegur og túna. Fengum við góðfúslegt leyfi fyrir þeirri grisjun hjá þeim hjónum, Kristjáni og Agnesi á Hróarsstöðum.

Tveir bílfarmar af bolvið voru seldir frá Norðurlandsdeildinni til Elkem á Grundartanga. Enginn vélgrisjun var í gangi í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi. Grisjun í ræktuðum skógi var því sáralítil í ár eða sem nemur 2,4 ha. Í birkiskógi var umfang grisjunar og höggvið rúmmál svipað og síðustu ár eða sem nam ca. 220 m³ og 9,1 hektara.

Eftirtaldir reitir og svæði voru grisjuð á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Hróarsstaðir		0,7	Birki	Vor	
Vaglaskógur	96, 97 98, 99, 147, 148, 149, 150, 153	8,4	Birki	Sumar og haust	Oftast grisjaður hluti reita.
Vaglaskógur	346	0,3	Rauðgreni	Vetur	
Vaglir á Þelamörk	11	0,2	Rússalerki	Vor og haust	Miðhluti reitar
Hálsmelar	594	0,3	Rússalerki	Sumar	
Grund	11	0,2	Síberíulerki	Vor	
Vaglaskógur	139	0,7	Stafafura	Haut	Ytri og neðri hluti reitar
Vaglir á Þelamörk	8	0,5	Stafafura	Vor og haust	Ytri hluti reitar
Végeirsstaðir		0,2	Ýmsar tegundir	Ágúst	Grisjað næst bústöðum
	Samtals:	11,5			
	Þar af grisjun á birki:	9,1			

7. Sala afurða

7.1 Sala girðingarstaura

Seldir voru samtals um 398 girðingarstaurar til nokkurra aðila.

7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi poka/sekkja/annað	m ³ f	Athugasemdir
Bolviður birki, fura, lerki, greni og ösp		189,3	
Borðviður lerki í m ³		3,2	
Arinviður birki um 20 kg.	6.427	154,2	
Birkiafsag í stórsekkjum	14,5	7,3	
Arinviður barr um 20 kg.	21	0,5	
Barrviðarafsað í stórsekkjum	3,5	1,8	
Kurl lerki	9	4,5	Stórsekkir
Kurl annað	13	6,5	
Kurl birki/annað	272	12,2	Reykingarkurl 110 lítra pokar
Spænir/sag, undirburður	2	1	Stórsekkir
Plattar	1.823		Í stykkjatali
	Samtals m ³ f:	380,4	



Mynd: Lerkiplattar

Í ár voru afhentir um 85 m³f af bolvið til Elkem á Grundartanga. Annars er stærsti kaupandi á bolvið Fellskógur ehf. Og eins og áður keypti Olís nær allan arinvið af okkur. Eftirtektarvert er að sjá stórauðna sölu á birkikurli til reykingar á matvælum. Stærsti kaupandinn er Norðlenska á Húsavík.

7.3 Jólatré

Taka jólatrjáa hófst í byrjun nóvember. Rauðgreni var felld í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19 og Sigríðarstaðaskógi í reit nr. 22. Stærri tré voru felld í Vaglaskógi og fjallapínur aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309. Blágreni sem sótt var í Vagli á Þelamörk var tekið í reit nr. 213 og fjallapínur í reit nr. 11. Stafafura var höggvin á víð og dreif um svæðið. Einnig var eitt stórt sitkagreni felld í skóginum í Reykjarhóli. Var það selt sveitarfélaginu og sett upp á Sauðárkróki. Stærsti einstaki kaupandi jólatrjáa í ár var Gróðrarstöðin Sólskógar.

Felld tré

<i>Svæði</i>	<i>Blágreni</i>	<i>Fjallapínur</i>	<i>Rauðgreni</i>	<i>Stafafura</i>	<i>Samtals</i>
Sigríðarstaðaskógur			15		15
Vaglaskógur		12			12
Vaglin á Þelamörk	4	5	5	10	24
Þórðarstaðaskógur			56		56
Samtals:	4	17	76	10	107

Seld tré

Stærð	Blágreni	Fjallapínur	Rauðgreni	Stafafura	Sitkagreni	Samtals
70-100			1	1		2
101-125	1	4	13	2		20
126-150	1	5	17	2		25
151-175	1	4	13	1		19
176-200		1	10	2		13
201-250			8	1		9
251-300		2				2
301-400			2			2
501-600			1			1
801-900					1	1
Samtals:	3	16	65	9	1	94

7.4 Önnur sala

Safnað var í apríl og maí um 450 lítrum af birkisafa og hann seldur til Foss distillery. Er safinn notaður þar í ýmsa tilraunastarfsemi og framleiðslu. Sala rjúpnaveiðileyfa fór fram á hefðbundinn hátt í gegnum hlunnindi.is

8. Nýframkvæmdir

Á Hálsmelum var var lagfærður um 900 metra langur vegarkafli frá Þjóðvegi við Háls og að gamla íþróttavellinum á Hálsmelum. Var borið ofan í veginn og hann lagfærður þannig að hann sé fólksbílafær. Er þetta samstarfsverkefni Skógræktarfélags Fnjóskdæla og Skógræktarinnar og styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við uppbyggingu á útivistaraðstöðu á svæðinu. Um verkið sáu þeir Brynjólfur Magnússon og Jón Þórólfsson.

Gerðar voru smávægilegar breytingar á vegi í neðra Hróarsstaðanesi í tengslum við framkvæmdir þar.

Í neðra Hróarsstaðanesi var settur upp ærslabelgur og búinn til sparkvöllur. Mæltist það mjög vel fyrir og var mikið notað af tjaldsvæðagestum og öðrum.

Skipt var um og sett ný rotþró við klósetthúsið í Neðra-Hróarsstaðanesi og klósetthús í Efra- og Neðra-Hróarsstaðanesi máluð.

Bílaplanið við C-svæðið á hjólhýsasvæðunum var lagfært og þá bæði stækkað og borin ofan í það möl. Flokkun á rusli hófst á fastleigustæðunum á þessu ári. Smíðaðar voru sérstakar grindur utan um flokkunartunnurnar og staðsettar við klósetthúsin á svæðinu.

Settur var dúkur á afhendingarplanið. Með því móti sparast vinna við illgresiseyðingu. Útbúið var nýtt plan fyrir tæki og tól rétt neðan og norðan við Efri-Vagli.

9. Gróðursetning

Gróðursett var í lok maí og byrjun júní á Hálsmelum í reiti nr. 589 að hluta, samtals um 1.005 plöntur. Í Skuggabjörgum var gróðursett í hluta reita nr. 78 og 90, samtals 19.604 plöntur. Í heild voru því gróðursettar 20.609 bakkaplöntur.

Yfirlit yfir gróðursetningu ársins

Staður	Tegund	Pl. aldur	Bakkagerð	Kvæmi	Fjöldi
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Skagway	1.005
Skuggabjörg	Stafafura	1/0	Fp-67	Oppala	19.028
Skuggabjörg	Blágreni	2/0	Fp-24	Rio Grande	576
				Samtals:	20.609

9.1 Gróðursetning á pottaplöntum

Gróðursett var þann 2. júní í tún norðan við læk, upp við veg ofan við Efri-Vagli. Rússalerki ágrætt, afgangur úr fræhúsi, 12 stk. Í jaðra fóru 10 seljur.

Hrymur:

- 4 stk. við nýja geymsluplanið við Efri-Vagli
- 3 stk. norðan við afleggjara niður við veg.
- 1 stk. við skilti á gatnamótum
- 1 stk. ofan við Furuveli
- 1 stk. sunnan við Furuveli
- 2 stk. ofan við bílastæði við skemmu
- 2 stk. vestan við Fræhús
- 1 stk. norðan við snúrustaur við skógarvarðarhús
- 2 stk. sunnan við skógarvarðarhús

Kofoed:


- 4 stk. við nýja geymsluplanið við Efri-Vagli
- 1 stk. Kofoed við stíg frá fræhúsi að skógarvarðarhúsi

Seljur á Hálsmela:

- 17 stk. vestast í jarðvinnslu við gatnamót
- 10 stk. austast við veg við afleggjara inn á Hálsmela
- 2 stk. við nýja geymsluplanið við Efri-Vagli



Mynd: Andarhreiddur innan um stafafurugreinar á Vöglum á Belamörk.



Skýringarmynd: staðsetning og númer á ágræddu rússalerki, afgangur úr Fræhúsi.

Eftirtaldir pottaplöntur voru gróðursettar við leiksvæðið í Neðra-Hróarsstaðanesi:

- 2 stk. rifs rauð, hollensk
- 1 stk. hengibjörk, Saltdalen
- 1 stk. silfurreynir
- 2 stk. heggur, Laila
- 2 stk. blóðheggur, Colorata
- 2 stk. birki
- 4 stk. ilmreynir

10. Byggingar

Hafist var handa við að skipta um glugga, einangra og lagfæra/skipta um klæðningu á veggjum í vestur- og suðurhluta á Furuvöllum. Það er í þeim hluta hússins sem verst var farinn vegna vatnsleka. Veggir voru málaðir dalarauðir á þeim hluta hússins þar sem skipt var um klæðningu. Var þessum framkvæmdum lokið um mitt sumar.

Síðastliðið haust var haldið áfram við að reyna að gera lagfæringar vegna leka á þakinu á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum. Var meðal annars reynt að gera við steypuskemmdir í strompi hússins. Á eftir að koma í ljós hvort þetta dugar.

Í lok sumar gerðust þau tíðindi að lagður var ljósleiðari í Vagli 1 og 2 og einnig íbúðarhúsið á Þórðarstöðum. Einnig var ljósleiðarinn tengdur við Skemmuna og Furuvelli og sett upp þráðlaus tenging (Wifi) þar og á Vöglum 2. Eftir þetta er nettenging með allra besta móti.

11. Vélar og verkfæri

Ekkert var fjárfest í vélum eða verkfærum sem vert er að nefna. Gert var við skiptinguna í Valmet-traktorum. Reyndist sú viðgerð kosta vel á þriðju milljón kr. Þess má geta að kostnaðurinn við viðgerðina reyndist svipaður og áætlað endursöluverð vélarinnar.

12. Ýmislegt

12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir

22. febrúar	Fundur um línustæði Hólasandslínu hjá Eflu á Akureyri.
23. febrúar	Fundur á Húsavík um skógræktarverkefni með Landgræðslunni.
23.-24. mars	Fagraðstefna skógræktar í Hörpu í Reykjavík.
25.-26. apríl	Starfsmannafundur Skógræktarinnar í Kjarnalundi við Akureyri.
6. júní	Ferð í Reykjarhólsskóg.
20. júní	Ferð í Ásbyrgi ásamt Þresti Eysteinsyni.
8. ágúst	Björg Björnsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þróstur Eysteinnsson úr yfirstjórn Skógræktarinnar komu í heimsókn í Vagli og hittu starfsfólk.
9. ágúst	Skógfræðinemar koma í heimsókn með Bjarna Diðrik Sigurðssyni frá LBHÍ á Hvanneyri.
25.-26. ágúst	Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands á Stórutjörnum og móttaka gesta í Vaglaskógi.
20. september	Skógarvarðafundur á Mógilsá.
25. september	Gróðursetning Hólasandur. Starfsfólk Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.
9. desember	Jólamarkaður í Vaglaskógi.

17. júlí fór undirritaður ásamt Benjamín Erni Davíðssyni fóru í skoðunarferð í Höfða í Mývatns-sveit. Var það gert að beiðni Þorsteins Gunnarssonar, sveitarstjóra í Skútustaðahreppi. Tilgangur ferðar var að meta ástand og álag á svæðinu vegna mikils fjölda ferðamanna sem það sækir. Laufey Sigurðuardóttir tók á móti okkur og leiðsagði okkur um svæðið. Í kjölfarið svar skrifuð stutt skýrsla sem send var sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Skógræktin á Vöglum tók eins og áður þátt í Skógardegi Norðurlands sem í ár var haldinn í Kjarnaskógi í ágúst. Tekið var á móti þátttakendum á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 26. ágúst. Var farið með þau í gönguferð og sagt frá því helsta um starfsemina og staðinn. Í lok heimsóknar þáðu gestir veitingar.

Jólamarkaður var haldinn í annað sinn 10. desember í starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal. Handverksfólk í Þingeyjarsveit og víðar var með söluvörur af ýmsum toga en þó aðallega handverk og matvöru. Einnig seldi Skógræktin varning úr skóginum. Aðsókn að markaðnum var góð og komu hátt í 300 manns í Vaglaskóg þennan dag í ágætu veðri. Nemandur af unglingastigi Stórutjarnaskóla seldu veitingar á markaðnum til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í góðu meðallagi þetta ár enda tíðarfar frekar hagstætt þótt vætusamt hafi verið á köflum í júlí. Opnað var í lok maí og lokað um 10. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 6.823 og skiptust þannig: Í maí 57, í júní 841, í júlí 4.599, í ágúst 1.209 og 117 í september. Hlutfall erlendra ferðamanna var einungis um 3%.

12.3. Annað

Fjögurra skóga hlaupið var haldið í Fnjóskadal í júlí eins og síðustu ár og var þátttaka góð. Eins og áður sá Björgunarsveitin Þingey um framkvæmdina.

*Vöglum í apríl 2019
Rúnar Ísleifsson*